

Riffluð húfa

Lanett eða svipað ullargarn (baby wool)

Sokkaprjónar nr. 4,5

Munstur: 2 sléttar, 2 brugðnar.

½ ummál:	(18,5)	17	(15,5)	14	(12,5)	11
Stærðir:	(56)	50	(44)	38	(32)	26
Hæð húfu:	(16)	14,5	(13)	11,5	(10)	8,5
Fitja upp:	(72)	64	(56)	48	(40)	32 lykkjur

Skipt jafnt á 4 sokkaprjóna.

Prjónið þar til húfan mælist:

(14) 11,5 (10) 8,5 (7) 5,5 cm

Úrtaka

1. umferð: 2 sléttar, 2 brugðnar, 2 sléttar, 2 brugðnar saman (verður að 1 brugðinni). Endurtakið allan hringinn.
- 2.-4. Prj. 2 umferðir venjulega (2 sléttar, 2 brugðnar, 2 sléttar, 1 brugðin).
5. umferð: 2 sléttar, 2 brugðnar saman (sem 1 brugðin), 2 sléttar, 1 brugðin.
6. umferð: 2 sléttar, 1 brugðin, 2 sléttar, 1 brugðin.
7. umferð: 2 sléttar, 1 brugðin, 2 sléttar saman, 1 brugðin.
8. umferð: 2 sléttar, 1 brugðin, 1 slétt, 1 brugðin.
9. umferð: 2 sléttar saman, 1 brugðin, 1 slétt, 1 brugðin.
- 10.-11. umferð: 1 slétt, 2 saman.

Dragið bandið gegnum lykkjurnar sem eftir eru og lokið gatinu.

Mikilvægt að festa alla enda þannig að áferðin sé mjúk fyrir viðkvæman koll.